

# REGLUGERÐ UM MEISTARAMÓT ÍSLANDS / ÍSLANDSMÓT Í GLÍMU 17 ÁRA OG ELDRI

## 1. grein

- 1.1 Glímusamband Íslands gengst árlega fyrir 3 mótum sem gefa stig til Íslandsmeistaratitils. Mótin skulu haldin á keppnistímabilinu frá 1. september til 31. maí. 1.2 GLÍ er heimilt að fela aðilum sínum að halda slík mót. Stefnt skal að því að halda þau sem víðast um landið þar sem glíma er stunduð.

## 2. grein

- 2.1 Mótin nefnast Meistaramót Íslands / Íslandsmót í glímu.
- 2.2 Einnig má kenna mótið við hugsanlega styrktaraðila.

## 3. grein

- 3.1 Keppt skal í tveimur flokkum unglunga 17 - 20 ára, -80 kg og +80 kg.
- 3.2 Keppt skal í fjórum flokkum karla 21 árs og eldri, -80 kg, -90 kg, +90 kg og í opnum flokki.
- 3.3 Keppt skal í þrem flokkum kvenna 17 ára og eldri, -65 kg., +65 kg og í opnum flokki.
- 3.4 Keppendum í Unglingaflokki er einnig leyfileg keppni í einum flokki í karlaflokki og er þá leyfilegt að keppa í sínum þyngdarflokki eða í opna flokknum.
- 3.5 Keppendum í karla- og kvennaflokki er leyfileg keppni í tveimur flokkum. Sé aðeins einn keppandi skráður í flokk má viðkomandi færa sig upp í þyngri flokk.
- 3.6 Innan hvers flokks skal glímt skv. ákvæðum reglna um hópglímu. Glímdar skulu aukaglímur um fyrstu þrjú sæti á hverju móti ef keppendur verða jafnir að vinningum.

## 4. grein

- 4.1 Sex fyrstu menn í hverjum flokki fá stig þannig að fyrsti maður fær sex stig, annar fimm og þannig áfram. Aðrir keppendur umfram sex til tíu fá eitt stig hver.
- 4.2 Stig hvers keppanda reiknast úr öllum mótunum sem haldin eru.
- 4.3 Keppendur geta ekki flutt áunnin stig með sér milli flokka í mótinu.
- 4.4 Stigatala hvers manns, í hverjum flokki, eftir tímabilið er lögð saman og sá sem fær flest stig sigrar í stigakeppni mótanna.
- 4.5 Séu tveir jafnir að stigum sigrar sá sem hefur fleiri 1. sæti, annars fleiri 2. sæti o.s.frv. Séu þeir enn jafnir gilda innbyrðis viðureignir þeirra úr öllum mótunum. Séu þeir enn jafnir ræður hlutkesti.

## 5. grein

- 5.1 Þrír efstu menn hvers flokks að heildarstigatölu hljóta verðlaun.
- 5.2 Stigahæsti maður í hverjum flokki samanlagt hlýtur eignarbikar og nafnbótina "Íslandsmeistari unglunga, -80 kg/+80 kg" og "Íslandsmeistari karla, -80 kg/90/+90 kg/ opinn flokkur." og "Íslandsmeistari kvenna, -65/+65/opinn flokkur."

- 5.3 Það lið sem er stigahæst úr öllum flokkum samanlagt hlýtur bikar og nafnbótina Íslandsmeistari félagsliða. Einnig hlýtur það lið sem er stigahæst í hverjum flokki fyrir sig nafnbótina „Íslandsmeistari unglina“ „Íslandsmeistari Karla“ og „Íslandsmeistari Kvenna“.

## **6. grein**

- 6.1 Auglýsa skal mótin með ekki minna en tveggja mánaða fyrirvara. 6.2 Þátttökutilkynningar skulu berast GLÍ, með þeim hætti sem auglýst er í mótaskrá hverju sinni.

## **7. grein**

- 7.1 Mótanefnd GLÍ hefur yfirumsjón með framkvæmd Meistaramóts Íslands / Íslandsmótsins, stigaútreikning og sér um afhendingu verðlauna þegar stigakeppni er lokið.

Samþykkt 19. september 2002. /Breytt 25. sept.2006/1.des2010